

Mánudaginn 7. janúar kom hreppsnefnd saman til 1. fundar á árinu í Hreppsstofu. Mættir hreppsnefndarmennirnir Jakob, Jón Sigmar, Helgi Hlynur, Eyþór og Jón.

1. Beiðni frá Vegagerðinni um stofnun vegsvæðis, samtals 39.900 fm, úr óskiptu landi Snotruness 1 landn. 157266 (25%), Snotruness 2 landn. 157265 (50%) og Framness landn. 157235 (25%), vegna endurbyggingar Borgarfjarðarveggar í Borgarfjarðarhreppi. Fyrir liggur samþykki allra landeigenda við erindið og er hreppsnefnd samþykk fyrir sitt leiti.

2. Umsókn um lóð frá Árna Magnússyni.

Hreppsnefndin vísar erindinu til Skipulags- og bygginganefndar og felur henni jafnframt að ganga frá skipulagi svæðisins í samráði við byggingafulltrúa.

3. Bréf:

a. Umhverfisstofnun, óskað eftir tilnefningu í vatnasvæðanefnd, sveitarstjóri tilnefndur.

4. Fundargerðir:

- a. Framkvæmdaráð SSA 11.12.2018 og 20.12.2018, lagðar fram til kynningar.
- b. Samband ísl. sveitarfélaga 14.12.2018, lögð fram til kynningar.
- c. HAUST 13.12.2018, lögð fram til kynningar.
- d. Héraðsskjalasafn, framhaldsaðalfundur og stjórnarfundur 12.12.2018, lagðar fram til kynningar.

5. Skýrsla sveitarstjóra

Ragna Óskarsdóttir mætti á fundinn og kynnti vinnu sem er í gangi vegna húsnæðismála.

Fundi slitið kl: 19.30

Jón Þórðarson ritaði